

BÁTASMÍÐANÁMSKEIÐ SÍLDARMINJASAFNINS – LIÐUR Í VARÐVEISLU VERKÞEKINGAR OG MENNINGARHEFÐA

- Anita Elefsen

Það er sameiginleg reynsla margra vestrænna ríkja að ævaform þekking á trébátasmiði hefur nær glatast við tæknibyltingu í skipasmiði á síðustu áratugum og er staðreyndin sú að gamlir bátasmiðir víða um lönd eru við það að fara með aldagamla þekkingu með sér í gröfina. Margar þessara þjóða hafa þó með sérstöku átaki og oft í samvinnu hver við aðra endurheimt nær horfna menningararfleifð. Með það að markmiði að viðhalda og miðla hinni aldagömlu verkþekkingu skipulega hafa verið haldin námskeið, auk þess sem iðnskólar hafa lagt áherslu á kennslu í tréskipasmiði, sér í lagi í Skandinavíu.



Mikilvægt er fyrir okkur Íslendinga að geta lært af þeim sem lengra eru komnir að þessu leyti. Síldarminjasafnið er í hópi þeirra einstaklinga og stofnana sem leggja lóð sitt á vogarskálarnar til þess að standa vörð um menningararfleifð sem er jafngömul Íslandsbyggð. Meðal yfirlýstra markmiða safnsins er að standa vörð um forna þekkingu á smíði opinna tréskipa á Íslandi. Í því sambandi má nefna að Síldarminjasafnið á og varðveitir Gamla Slippinn á Siglufirði, verkstæði frá árinu 1934. Slippurinn komst í eigu safnsins árið 2011, en markmið forsvarsmanna safnsins er að færa nýtt líf í skipasmiðastöðina, sem er fullbúin tækjum og tólum frá gamalli tíð. Þar er að finna gömul verkfæri til bátasmiða sem og aðrar trésmíðavélar. Sem dæmi má nefna amerískan þykktarhefil og bandsög - 100 ára gömul tæki sem eru enn í notkun.




Í Slippnum hefur jafnframt verið sett upp sýning um sögu bátasmiða í 200 ár og nýttist hún til kennslu að vissu marki. Síldarminjasafnið hefur staðið fyrir skipulögðum námskeiðum um bátasmiði frá árinu 2008, sem öll hafa farið fram í Gamla Slippnum, að einu undanskildu sem fór fram í Noregi. Upphafið má rekja til samstarfsverkefnis við Bátaverndarmiðstöð Norður-Noregs í Gratangen um endurmenntun bátasmiða. Verkefnið fól í sér skipulagningu og framkvæmd tveggja endurmenntunarnámskeiða í bátasmiði, það fyrra fór fram í Gratangen á haustdögum 2008 og hið síðara á Siglufirði árið 2009. Í framhaldinu hefur Síldarminjasafnið haldið sjálfstæð námskeið í bátavernd og viðgerðum gamalla trébáta. Frá árinu 2016 hafa námskeiðin verið

skipulögð og fjármöggnuð af Síldarminjasafninu, en kennsla hefur verið í höndum Hafliða Aðalsteinssonar bátasmiðs og forsvarsmanns Bata- og hlunnindasýningarinnar að Reykhólum. Hafliði hefur áralanga reynslu af nýsmíði trébáta sem og viðgerðum gamalla. Hefur hann unnið bæði kennslu- og námsefni og lagt þau gögn til námskeiðanna. Bátasmiðanámskeið Síldarminjasafnsins hafa alla jafna talið um 40 vinnustundir og sérstaklega ætluð iðnnemum, safnmönnum og öðrum áhugamönnum um bátavernd. Námskeiðin hafa verið þátttakendum að kostnaðarlausu.

Í upphafi námskeiðs fer fram leiðsögn um það hvernig ástand gamals báts skal metið og í framhaldinu er hafist handa við verklega kennslu. Námskeiðið fer fram með þeim hætti að unnið er alla daga, frá mánudegi til föstudags, frá 8:00 – 18:00 síðdegis. Nemendur taka fullan þátt í smíði og annarri vinnu undir handleiðslu kennara. Viðfangsefni námskeiðanna hafa verið fjölbreytt og snúið bæði að nýsmíði og viðgerðum eldri skipa og báta. Súðbyrtir bátar hafa gengið í endurnýjun lífdaga og namar fengið færi á að taka þátt í vinnu við að skipta um kjöl í 2 brl. afturbýggðum súðbyrtingi og jafnframt skipta um stóran hluta byrðingsins. Litlir súðbyrtir arabátar hafa verið lagaðir; skipt um efstu umförin, smíðaðar nýjar þóftur, kollharðar og bönd. Snurpunótabátur í fastasýningu Batahúss Síldarminjasafnsins fékk á sig nýja nótarennu, ganneringu og plitti haustið 2018 og þátttakendur námskeiðsins smíðuðu jafnframt nýtt afturmastur á Draupni, reknetaveiðibát frá 1954, sem jafnframt er varðveittur í Batahúsinu. Það hefur því sannarlega mikið áunnist með árlegum bátasmiðanámskeiðum Síldarminjasafnsins, bæði hafa skip og bátar safnsins notið góðs af vandaðri vinnu Hafliða og nemenda á námskeiðunum – en ekki síst hafa nemendurnir sjálfir öðlast dýrmæta reynslu og þekkingu. Á námskeiðunum mætast kennsla, viðfangsefni og staðsetning báta og verkstæðis með það að meginmarkmiði að vinna að endurheimt gamallar verkþekkingar.

Sökum kórónaveirunnar, fjarlægðartakmarkana og sóttvarnarreglna hefur ekki enn tekist að halda námskeið sem auglýst hafði verið dagana 30. mars – 3. apríl 2020, en strax og aðstæður leyfa verður blásið til nýs námskeiðs, enda hafa þau almennt verið fullbókuð og jafnvel færri komist að en vilja.



Fréttabréf VITAFÉLAGIÐ Íslensk strandmenning

2. tbl 2020

Ágætu lesandi.

Starfsemi Vitafélagasins-Íslenskrar strandmenningar er og hefur verið með breyttu sniði, rétt eins og allt annað í þjóðfélaginu á tímum veirufaraldurs. Þessi lítt skemmtilega vá kom í veg fyrir málþing á vormánuðum sem og síðasta fræðslukvöld vetrarins sem vera átti í Reykjavík í apríl.

Félagið heldur þó ótrautt áfram starfi sínu og á næstu mánuðum hyggjumst við efna til málþinga vítt og breytt um landið í samstarfi við heimamenn. Ljúka síðan vetrarstarfinu á málþingi í Reykjavík.

Viðfangsefni vetrarins verður súðbyrtingurinn, saga hans og hefðir og tilnefning hans á lista hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, en í mars s.l. sameinuðust Norðurlöndin öll, ásamt sjálfstjórnarríkjunum, Færeyjum og Álandseyjum, um tilnefningu norrænnar trébátasmiði á skrá hjá UNESCO á lista yfir efnislega menningararfleifð mannkynsins. Þar sem mælst er til þess að skráð verði verklag, siðir, venjur og hættir sem tengjast norrænum súðbyrtum trébátum.

Á súðbyrtum bátum komu fyrstu íbúar þessa lands og stunduðu fiskveiðar með ströndum fram, fluttu fólk og búfænað landa á milli og skelltu sér í ferðalög yfir úthafið í ýmsum erindagjörðum.

Til skamms tíma voru bátasmiðar stundaðar allt í kringum landið þrátt fyrir mikinn trjáskort. Knerrir, teinæringar, áttæringar, sexæringar, fjögurrannaför og tveggjamannaför – til hinna fjölbreytilegustu nota. Nú horfir öðruvísi við og einungis einn einstaklingur er nú nemandi í bátasmiði. Fæst íslensk ungmenni kunna áralagið og opnir súðbyrtir bátar eru næsta sjaldgæf sjón við stendur landsins.

Ef Covid 19 gefur okkur einhver gríð þá eru fyrirhuguð málþing á Siglufirði og í Stykkishólmi fyrir áramót. Eftir áramótin er stefnt á málþing á Akureyri, Eskifirði, Vestmannaeyjum og Grindavík. Á Flateyri er í undirbúningi bæði námskeið í nýsmíði og viðgerðum á súðbyrtum bátum, auk málþings. Vorþing félagsins verður svo í Reykjavík í maí. Á málþingunum viljum við skapa umræðu um það hvernig hægt er að nýta tilnefninguna, sem vonandi verður ekki bara tilnefning í langan tíma, heldur verði það orðin staðreynd eftir ár að súðbyrtir bátar verða komnir á *heimsmínjaskrá UNESCO, listann yfir menningararför mannkyns – listann yfir þýðingarmikla starfshætti sem borist hafa frá kynslóð til kynslóðar – hefðir sem munu hverfa verði þeim ekki viðhaldið.*

Hvernig getum við aukið áhuga, eft þekkingu og nýtt menningararfinn til atvinnusköpunar?

Hver er framtíðarsýn fólks í hinum ólíku byggðarlögum þegar kemur að strandmenningu?

Víða eru sterk félög í kringum strandmenningu og súðbyrta báta á Norðurlöndunum þótt þeir séu ekki lengur nauðsynlegir fyrir afkomu landsmanna. Í þeim fer saman þekking og varðveisla menningararfs, útivist, félagsstarf og vistvænn ferðamáti. Smíði þeirra er kennd í lýðskólum og iðnskólum og saga þeirra og smíði er kennd á háskólastigi í Noregi.

Að setjast undir árar á opnum súðbyrtum báti felur í sér umhverfisvæna frístundaiðju og náttúruupplifaun, tengsl við fortíðina og jafnframt eru þeir ákjósanlegur rammi utanum umhverfisvæna frístundaiðju. Súðbyrtingarnir gefa fólki tækifæri til að rækta hefðir og rótgörna menningu í samfélagi við aðra og tryggja framtíð bátanna með því að leiða notkun þeirra inn á nýjar brautir. Það er von okkar í Vitafélaginu – íslensk strandmenning að áhugi landsmanna á strandmenningu þjóðarinnar aukist til muna og súðbyrtum bátum verði aftur róid um flóa og firði landsmönnum til gleði og ánægju.

Sigurbjörg Árnadóttir, formaður

Vegna COVID 19 verða málþing félagsins auglýst nánar, þegar nær dregur, á heimasíðu félagsins www.vitafelagid.is og á facebook

NORRÆNI SÚÐBYRÐINGURINN OG SAMNINGUR UNESCO FRÁ 2003

- Dr. Rúnar Leifsson, sérfræðingur á skrifstofu menningarmála og fjölmiðla í mennta- og menningarmálaráðuneyti.



Í mars síðastliðnum sendu Norðurlöndin inn sameiginlega tilnefningu norræna súðbyrðingsins á skrá UNESCO yfir óápreifanlegan menningararf mannkyns alls. Skrá þessari svipar til hinnar þekktari Heimsmínjaskrár UNESCO, en heldur utan um lifandi hefðir í samfélögum í stað efnislegra heimsmínja, líkt og fornleifa eða náttúrufrirbrigða. Súðbyrðingurinn, smíði hans og notkun, er miðlægur í strandmenningu okkar og er sameiginleg arfleifð Norðurlandanna. Smíði báta þessara á sér djúpar rætur á Norðurlöndunum og hefur undanfarin tvö þúsund ár skipt sköpum fyrir sjósókn og samskipti norræna samfélaga. Verði tilnefningin samþykkt er það staðfesting alþjóðasamfélagsins á því að þennan norræna menningararf beri að varðveita fyrir komandi kynslóðir.

Samningur UNESCO um menningarferðir frá 2003

Hin alþjóðlega skrá yfir óápreifanlegan menningararf byggir á samningi UNESCO frá árinu 2003 um varðveislu menningarferða. Til óápreifanlegs menningararfs, eða menningarferða, flokkast venjur, siðir og verkmenning. Samningurinn öðlaðist gildi á Íslandi árið 2006 og hefur þann tilgang að varðveita menningarferðir, að tryggja að menningarferðir samfélaga, hópa og einstaklinga séu virtar, að efla vitund um mikilvægi þeirra og koma á alþjóðlegri samvinnu. Aðildarríki að samningnum eiga að stuðla að menntun, vitundarvakningu og eflingu fagþekkingar á menningarferðum, auk þess að leitast við að tryggja sem mesta þátttöku þeirra samfélaga, hópa og einstaklinga sem skapa, viðhalda og miðla menningarferðum og fá þessaaðila til að taka virkan þátt í umsjón þeirra.

Innleiðing samningsins á Íslandi

Á Norðurlöndunum hefur verið gert átak í innleiðingu samningsins og hefur Ísland fengið að fylgjast náið með framkvæmd þess. Með rekstri stofnana og stuðningi við ýmis félagsamtök og verkefni þeirra hefur Ísland að nokkru leyti uppfyllt ákvæði samningsins hvað varðar varðveislu menningarferða innanlands. Einnig hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti látið greina þætti menningarferða sem finnast á Íslandi með því að safna upplýsingum um stofnanir, frjáls félagsamtök, hópa og einstaklinga sem vinna með íslenskan óápreifanlegan menningararf. Verkefnið var unnið af Guðrúnu Ingimundardóttur eiganda ÞjóðListar ehf á Siglufirði og skilaði hún skýrslu um það árið 2017. Annað skilyrði samnings UNECO frá 2003 er að Ísland skuli halda yfirlitsskrá yfir menningarferðir hérlendis, en slík skráning menningarferða er forsenda þess að hægt sé að tilnefna menningarferðir á alþjóðlega skrá UNESCO. Á Norðurlöndunum hefur þetta verið leyst með opnun vefsíða þar sem stofnanir, félagsamtök og einstaklingar geta komið með tillögum að skráningu menningarferða á yfirlitsskrá hvers lands. Með þessu er auðvelt að uppfylla þær kröfur frá UNESCO um að tryggð sé sem mest þátttaka þeirra samfélaga, hópa og einstaklinga sem skapa, viðhalda og miðla menningarferðum. Slík heimasiða eykur einnig sýnileika þessa menningararfs og getur stuðlað að vitundarvakningu meðal almennings um mikilvægi hans. Ákveðið var að opnuð skyldi íslensk vefsíða um menningarferðir að norræni fyrirmynd og að Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum yrði falin umsjón hennar. Árið 2018 opnaði svo heimasiðan „lifandi hefðir“ – lifandihefdir.is – í þessu skyni og er hún uppfærð reglulega af starfsmanni Árnastofnunar.



Fyrsta tilnefning Íslendinga

Fyrir nokkru barst mennta- og menningarmálaráðuneytinu erindi frá Forbundet KYSTEN í Noregi, félagi um strandmenningu þar í landi. Óskað var eftir stuðningi Íslands við samnorræna tilnefningu á alþjóðlega skrá UNESCO um óápreifanlegan menningararf mannkyns. Undir bréfið rituðu 13 aðilar sem tengjast verndun strandmínja á Norðurlöndum, þar á meðal Sigurbjörg Árnadóttir formaður Vitafélagsins - íslensk strandmenning. Farið var fram á að Ísland setti súðbyrðingshefðina á yfirlitsskrá sína og tæki svo formlega þátt í tilnefningunni á lista UNESCO. Um það bil 200 fagaðilar, söfn og frjáls félagsamtök á Norðurlöndunum styðja tilnefninguna. Á Íslandi er þar fremst í flokki Vitafélagið – íslensk strandmenning, sem er mikilvægur grasrótarfélagsskapur sem vinnur þarft starf á sviði varðveislu, viðhalds og kynningar menningararfs í landinu. Hérlendis er einnig að finna nokkra bátasmiði sem smíða súðbyrðinga og við Síldarminjasafnið á Siglufirði eru haldin námskeið í smíði og viðhaldi á þeim. Á sjóminjasöfnum landsins má finna súðbyrta báta til sýnis og á Reykhólum eru árlega haldnir Bátadagar



á Breiðafirði þar sem siglingahefðinni er viðhaldið. Mikil vinna var lögð í tilnefninguna og á Vitafélagið hrós skilið fyrir ómetanlegt framlag sitt í þeim efnum. Í desember á næsta ári kemur svo í ljós hvort tilnefning súðbyrðingsins hljóti hljómgrunn og komist á skrá UNESCO yfir óápreifanlegan menningararf mannkyns. Í ljósi reynslunnar af vinnu við þessa fyrstu tilnefningu er mennta- og menningarmálaráðuneytið nú þegar farið að huga að þeirri næstu, en menningarferðir eru málaflökkur sem mun fara vaxandi á komandi árum.

STRANDRÓÐRAFÉLAGIÐ BRANDUR - Ólafur Hauksson



Jötunn sjósettur í Kópavogi



Komið að landi í Nauthólsvík á Svaninum

Færeysku sexæringana Gamm og Jötunn fékk Sjómannadagsráð frá Færeyjum, en ekki er vitað um aldur bátanna. Félagsmenn í Brandi hafa getið sér til að þeir hafi verið smíðaðir fyrir að minnsta kosti 40 árum. Bátarnir voru ásamt nokkrum systurbátum þeirra lengi vel notaðir í kappróðri í Reykjavíkurböfn á Sjómannadaginn, en ekki hreyfðir þess á milli. Kappróðurinn lagðist af fyrir nokkuð mörgum árum og voru bátarnir í geymslu hjá Sjómannadagsráði engum til gagns.

Skúli Guðbjarnarson, sem lánaði Brands-félögum bát sinn Svaninn fyrstu árin, átti einnig færeyska teinæringinn Skálabátinn sem var staðsettur við grásleppuskúrana við Ægisíðu. Félagar í Brandi fengu nokkra Færeyinga með sér til að róa Skálabátinum, en aðeins var um eina ferð að ræða. Skálabáturinn var lítið notaður og á endanum var hann sendur aftur til Færeyja til að forða honum frá skemmdum.

Félagsmenn í Brandi hafa róið sér til yndis og ánægju yfir sumartímann um Skerjafjörð, Reykjavíkurböfn og Rauðarvík. Róðurinn þessum fallegu færeysku bátum, félagsskapurinn, áratökin og gutlið í bárunni er einstaklega gefandi. Sjaldan er farið langt út og yfirleitt ekki róið lengur en í tvo tíma. Ósjaldan er stoppað og látið reka meðan spjallað er um lífið og tilveruna og sólarlagnsins notið á spegilsléttum Skerjafirðinum.

Ekki sakar svo hvað færeysku bátarnir eru mikið auginynda, líkt og flestir trébátar. Félagar í Brandi hafa rætt sín á milli hvort ekki mætti stefna haffærum trébátum saman yfir sumartímann við flotbryggju í Reykjavíkurböfn, þar sem þeir gætu glatt augu vegfarenda. Víða við miðbæjarhafnir erlendis þekkist það að gamli tíminn fær að njóta sín með fallegum trébátum vaggandi við bryggjur.

Í stjórn Strandróðrafélagsins Brands eru Hulda Steingrimsdóttir formaður, Sigríður Ragna Sverrisdóttir, Björgólfur Thorsteinsson, Hrafnkell Á. Propp og Ólafur Hauksson. Félagið er með síðu á Facebook og þar geta áhugasamir sett sig í samband ef þeir vilja taka þátt í starfinu.

Strandróðrafélagið Brandur er áhugamannafélag um skemmtiróður meðfram strandlengju höfuðborgarsvæðisins og var stofnað árið 2013. Kjarni stofnenda hafði allt frá 2005 tekið þátt í kappróðri á Sjómannadeginum í Reykjavík undir forystu Elsu Guðmundsdóttur. Á fyrsta aðalfundi Brands var Hulda Steingrimsdóttir kosin formaður og hefur hún verið það síðan.

Fyrstu árin reru félagar í Brandi á færeyska sexæringnum Svaninum, sem er í eigu Skúla Guðbjarnarsonar athafnamanns á Álftanesi. Frá upphafi hefur verið reynt að róa einu sinni í viku yfir sumartímann, yfirleitt á fimmtudagskvöldum. Svanurinn var í þrjú ár settur út frá athafnasvæði Sigluness í Nauthólsvík og geymdur þar á kerru, en næstu ár á eftir var róið um gömlu höfnina í Reykjavík og um Rauðarvík og var báturinn þá settur út frá athafnasvæði Slippisins.

Fyrir þremur árum fékk Brandur tvo færeyska sexæringa til umráða frá Sjómannadagsráði og var Svaninum þá skilað til Skúla. Um leið fékk félagið aðstöðu til að vera með bát við flotbryggju hjá siglingafélaginu Ými í Kópavogi og hefur báturinn Gammur verið þar yfir sumartímann. Hinn báturinn, Jötunn, þarfnast viðgerðar og hefur honum enn ekki verið róið. Það stendur þó til og er hugmyndin að Jötunn hafi aðsetur í gömlu höfninni í Reykjavík.

Frá fyrsta degi hefur Brandur notið þeirrar góðvildar Faxaflóahafna að fá vetursetu fyrir bátana innanhúss yfir veturinn og verður sá velvilji seint nógu vel þakkaður enda hentar íslenski veturinn hinni fingerðu smíði færeysku bátanna ekkert sérlega vel.



Kvöldróður í Skerjafirði



Gammur við festar í Kópavogi

Vinsamlegast munið að greiða félagsgjöldin